



Reykjavík 19. febrúar 2003.

**Alþingi**

**Erindi nr. Þ 128 / 1139**

**komudagur Þ 128 / 1139103**

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.**

Eins og fram kemur í athugasemdum með lagafrumvarpi þessu þá er frumvarpið samið að beiðni Endurvinnslunnar hf. Tekjur af umsýslubóknun sem lögð er á hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefnum, eru mjög mikilvægar varðandi rekstur Endurvinnslunnar.

Beiðni um hækkun umsýslubóknunar var send umhverfisráðuneytinu þegar útreikningar Endurvinnslunnar hf. sýndu fram á tap á rekstri fyrirtækisins á árinu 2003, miðað við forsendur sem lágu fyrir haustið 2002. Á þeim mánuðum sem liðnir eru hafa forsendur fyrir tekjum Endurvinnslunnar árið 2003 heldur versnað með styrkingu íslensku krónunnar. Þar með fær Endurvinnslan minni tekjur fyrir það ál- og plastskrap sem sent er erlendis til endurvinnslu.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið er gerð góð grein fyrir þeim forsendum sem liggja að baki álagningar umsýslubóknunar og helstu breytingum varðandi kostnaðarhækkanir frá árinu 2000.

Stjórn Endurvinnslunnar hf. óskar eftir að frumvarp þetta verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Endurvinnslunnar hf.

Gunnar Bragason,  
framkvæmdastjóri.